Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2015 og áætlun 2016 – 2018

Síðari umræða 15.12.2014

Fjallabyggð

Sigurður Valur Ásbjarnarson
Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Inngangur.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 var lögð fram til fyrri umræðu 01.12.2014 og er til endanlegrar afgreiðslu í dag við síðari umræðu 15.12.2014 sem og áætlun fyrir árin 2016 – 2018.

Samþykkt var að framkomnar tillögur um breytingar eða aðra nálgun og umræður færu fram í bæjarráði á milli fyrri og síðari umræðu. Nokkar breytingar voru gerðar á milli umræðna og verður þeirra sérstaklega getið hér á eftir.

Áherslur bæjarstjórnar hafa að mestu gengið eftir frá síðasta ári en núverandi bæjarstjórn varð að taka á nokkrum veigamiklum verkefnum sem breytir endanlegri útkomu ársins;

Búið er að samþykkja sjö viðauka sem taka m.a. á neðanrituðum málum.

1. Ákveðið var að fresta framkvæmdum við Ólafsveg 4, þ.e. stækkun og lagfæringar, en bókasafnið var flutt á neðri hæð hússins.
2. Ákveðið var að lagfæra veg að skíðaskálanum Ólafsfirði.
3. Ákveðið var að endurskoða laun þar sem fyrri bæjarstjórn taldi að launahækkanir yrðu mun minni en samningar kveða á um.

Nokkur mál verða fyrirferðarmikil á næsta ári og er rétt að nefna nokkur þeirra.

1. Farið verður yfir verkferla og skipulag í yfirstjórn bæjarfélagsins í samræmi við tillögur um breytingar á yfirstjórn bæjarfélagsins. Lögð verður áhersla á að endurskoða og samræma starfslýsingar deildarstjóra og undirmanna þeirra sem og forstöðumanna í takt við nýtt skipulag.
2. Málefni Hornbrekku verða áfram til umræðu í tengslum við samræmingu á þjónustu við eldri borgara í Fjallabyggð og í takt við áherslur í fjárhagsáætlun ársins og er sú vinna nú hafin.
3. Frárennslismál verða til umfjöllunar á næsta ári og tillögur gerðar um næstu skref í þessum fjárfreka málaflokki.
4. Endurbygging hafnarbryggju er forgangsmál er varðar rekstur og framkvæmdir á vegum hafnarstjórnar, en búið er að breyta lögum þannig að verkefnið er styrkhæft og verður vonandi sett inn í samgönguáætlun.

Ágætu bæjarfulltrúar

Ég vil í upphafi þessarar yfirferðar færa starfsmönnum bæjarfélagsins þakkir fyrir þeirra aðkomu að áætlun ársins, en þeir hafa ásamt fagráðum og bæjarráði lagt grunn að fjárhagsáætlun Fjallabyggðar næstu fjögur árin. Íbúar sendu og ábendingar og verður þeim svarað.

Gerð var grein fyrir meginforsendum í upphafi áætlunargerðar, einnig komu fram væntingar fagnefnda og forstöðumanna sem tekin var saman í stefnuræðu við framlagningu fjárhagsáætlunarinnar við fyrri umræðu. Verður sú yfirferð ekki endurtekin hér.

Hins vegar verður hér farið yfir megin markmið ársins, breytingar frá fyrri umræðu og þau atriði önnur sem vert er að leggja áherslu á.

Rétt er einnig að minna á góða útkomuspá fyrir árið í ár er varðar rekstur og fjárfestingar, þrátt fyrir miklar launabreytingar sem námu um 115,0 m.kr.

Starfsmenn bæjarfélagsins hafa lagt áherslu á að fylgja fjárhagsáætlun 2014 eins vel og nokkur kostur er, enda má ætla að niðurstaða ársreiknings verði góð og standa fá sveitarfélög eins vel þegar kemur að skuldum pr. íbúa.

Sú aðferðarfræði hefur gefist vel, að á fundum bæjarráðs milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn, séu ræddar tillögur sem bæjarfulltrúar, fagnefndir og eða bæjarstjóri vilja koma á framfæri.

Fundir í bæjarráði voru tveir á milli umræðna þ.e. 9. og 11. desember.

Farið var yfir áætlun ársins 2015 og ræddar síðan ítarlega breytingar fyrir síðari umræðu til að marka stefnu bæjarfélagsins fyrir næstu fjögur fjárhagsár.

Neðanritað var m.a. til umfjöllunar í bæjarráði á milli umræðna í bæjarstjórn.

Mál tekin fyrir á fundi bæjarráðs 9. desember 2014 og á fundi bæjarráðs þann 11.desember, voru neðantalin mál tekin til afgreiðslu.

Undir dagskrárliðnum fjárhagsáætlun 2015 og 2016 – 2018 samþykkti bæjarráð á sama fundi neðanritaðar breytingar fyrir síðari umræðu.

Slysavarnardeildin Vörn vegna viðhalds fær 500,0 þúsund. Samþ. 20. nóvember.

Sigurhæðir ses vegna viðhalds fær 500,0 þúsund samkvæmt samningi.

Frístundastyrkur – Súlur og Hyrnan fær salarleigu 100,0 þúsund til mótahalds.

Samþ. 20.nóvember.

Frístundastyrkur – Sævar Birgisson fær 100,0 þúsund.

Lækkun framkvæmdakostnaðar í 170,0 m.kr. árin 2016, 2017 og 2018.

Bæjarráð samþykkti með ofanrituðum breytingum að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu mánudaginn 15.12.2015.

Megin forsendur og niðurstaða bæjarráðs í áætlun ársins eru þessar:

Rétt er að benda á að þriggja ára áætlun er gerð á föstu verðlagi, með þeim frávikum sem fram koma í magntölubreytingum rekstrar- og framkvæmdaliða og vísitölubreytingu fjármagnsliða.
Í fjárhagsáætlunarlíkani er stuðst við útkomuspá rekstrar fyrir 2014.

REKSTUR 2015

Tekjur : 1.999 millj.

Skatttekjur hækka um 4,6% milli ára verða 1.045 millj.
Útsvarsprósenta óbreytt 14,48% og áætluð staðgreiðsla í samræmi við spá Samb.ísl. sv.f. 946 millj.
Tekjur vegna fasteignaskatts hækkar um 8,33% vegna matsbreytinga.
Lóðarleiga hækkar um 5,96% vegna matsbreytinga.
Lóðarleiguálagninarprósenta fyrirtækja óbreytt í 3,5% eða 16,7 millj.
Jöfnunarsjóðsframlög sett í 307 millj. sem er breyting um um 6,39%.

Aðrar tekjur breytast um 4,7% verða 647 millj.
Sorphirðugjöld hækkuð í 33.350 var 32.700.
Holræsagjöld hækkar um 7,97% vegna matsbreytinga.
Vatnsskattur hækkar um 7,95% vegna matsbreytinga.
Leigu- og þjónustutekjur íbúðasjóðs hækkaðar um 2%.
Gjaldskrár og þjónustugjöld hækka um 2%.

Matargjald í leikskóla og grunnskóla hækkar um 2%.
Leikskólagjöld, gjaldskrá dagþjónustu aldraða og þjónustugjöld á vegum félagsþjónustu eru óbreytt á árinu 2015.

Gjöld: 1.900 millj.

Laun og lífeyrisskuldbindingar breytast um 2,7% milli ára, verða 1.082 millj.
Gert er ráð fyrir að samningar sem eru lausir eða losna á árinu 2015 hækki um 6,0%.
Gert er ráð fyrir 6% hækkun nefndarlauna.
Reiknuð lífeyrisskuldbinding 3,4% + 2,0% réttindabreyting, samtals 5,4% eða 48 millj. sem er 42 millj. minna en spá gerir ráð fyrir 2014.
Gert ráð fyrir sérstökum launalið v. langtímaveikinda að upphæð 13 milljónir.

Annar rekstrarkostnaður breytist um 7,4%, verður 698 millj.

Afskriftir verða 120 millj.

Fjármagnsliðir 28 millj.

Almenn vísitöluhækkun 3,4% 2015
Almenn vísitöluhækkun 3,2% 2016
Almenn vísitöluhækkun 2,8% 2017
Almenn vísitöluhækkun 2,6% 2018

Rekstur áranna 2016, 2017 og 2018 er á sama verðlagi og 2015, með frávikum vegna magntölubreytinga og fjármagnsliða.

EIGNIR: 3.762 millj.

Fjárfestingarhreyfingar

180 milljónir 2015, Eignasjóður 130 millj. Hafnarsjóður 25 millj. og Veitustofnun 25 millj.
170 milljónir 2016, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. og Veitustofnun 25 millj.
170 milljónir 2017, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. og Veitustofnun 25 millj.
170 milljónir 2018, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. og Veitustofnun 25 millj.
Samtals 690 milljónir 2015-2018

SKULDIR OG SKULDBINDINGAR: 1.740 millj.

Fjármögnunarhreyfingar

Afborgun langtímalána:

2015	**66 millj.**
2016	66 millj.
2017	61 millj.
2018	53 millj.

Samtals 246 milljónir 2015-2018

Ný lán tekin:

2015	**0 millj.**
2016	0 millj.
2017	0 millj.
2018	0 millj.

Samtals 0 milljónir 2015-2018

Breyting á lífeyrisskuldbindingum

48 milljónir 2015 reiknuð stærð.
48 milljónir 2016
48 milljónir 2017
48 milljónir 2018
Samtals 192 milljónir 2015-2018

EIGIÐ FÉ: 2.022 millj.

Rekstrarniðurstaða tillögu :

	2015	2016	2017	2018
Niðurstaða	71.422	69.105	73.005	58.490

Veltufé frá rekstri (til rekstrar) og skuldahlutfall.

	2015	2016	2017	2018
Heildartekjur.....	1.999.504	1.999.504	1.999.504	1.999.504
Veltufé frá rekstri.....	264.336	261.073	261.936	247.616
Veltufé/Heildartekjur.....	13,22%	13,06%	13,10%	12,38%
Skuldir.....	1.739.688	1.715.296	1.692.385	1.675.065

Skuldahlutfall…… ……	87,01%	85,79%	84,64%	83,77%

Handbært fé í árslok

	2015	2016	2017	2018
Hækkun (lækkun) á handbæru fé ……	(9.502)	(3.268)	3.008	(3.317)
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun ……	73.267	63.765	60.498	63.506
Handbært fé (fjárþörf) í árslok ……	63.765	60.498	63.506	60.189

Aðrar lykiltölur

	2015	2016	2017	2018
Veltufjárhlutfall…… …….	1,04	1,04	1,09	1,10
Eiginfjárhlutfall…… ……	0,54	0,55	0,56	0,57

Áherslur – samanburður

Bæjarfélagið kemur sífellt betur út í samanburð við önnur sveitarfélög og vísast hér til Árbókar sveitarfélaga.

Bæjarfélagið kemur einnig betur út í samanburði sem Vísbending tekur saman ár hvert en þar kemur fram að bæjarfélagið hefur hækkað um mörg sæti á og er nú í fimmta sæti.

Samanburður á milli umræðna í hlutfalli við tekjur.

Málaflokkar	Voru	Verður
Skatttekjur	52,3%	52,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	15,4%	15,4%
Aðrar tekjur	32,4%	32,4%
Laun og launatengd gjöld eru áætluð um	54,1%	54,1%
Annar rekstrarkostnaður	34,8%	34,9%
Afskriftir eru um	6,0%	6,0%
Fjármagnsliðir nettó	1,4%	1,4%
Rekstrarniðurstaða	3,6%	3,6%
Veltufé frá rekstri	13,3%	14,2%
Fjárfestingahreyfingar eru	-9.0%.	-9,0%

Gert er ráð fyrir að útgjaldaramminn verði því sem næst óbreyttur næstu árin.

Fjallabyggð – megin forsendur fyrir þriggja ára áætlun eru;

Tekjur :

- Íbúar Fjallabyggðar verða á árunum 2015 -2018, öll árin um 2.027 talsins
- Útsvarstekjur miðast öll árin þ.e. 2015 – 2018 við 14.48%
- Álögur í fasteignaskatti miðast við áætlun fyrir árið 2015
- Framlag Jöfnunarsjóðs er óbreytt öll árin til 2018

Gjöld:

- Laun og launatengd gjöld verða í samræmi við kjarasamninga

Breyting á lífeyrisskuldbindingum:

- 48 milljón hvert ár til hækkunar

Fjárfestingarhreyfingar sjá skýringar:

2015, Eignasjóður 130 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.
2016, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.
2017, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.
2018, Eignasjóður 120 millj. Hafnarsjóður 25 millj. Veitustofnun 25 millj.

Fjármögnunarhreyfingar:

- Afborgun langtímalána er að jafnaði um 66 m.kr. á ári
- Ekki verða tekin ný lán

Handbært fé í árslok:

- *Miðað er við að handbært fé verði í árslok ár hvert um 60 m.kr.*

Bæjarráð samþykkti neðanritaðar tillögur er varðar viðhald og framkvæmdir á árinu 2015.

- **Viðhaldsliðir eru samþykktir og er deildarstjóra tæknideildar og forstöðumönnum falið að forgagnsraða verkefnum.**
- **Bæjarráð mun taka til frekari umræðu eftir áramót tillögur er varðar götur og gangstéttar með deildarstjóra tæknideildar.**
- **Áherslur viðhalds og framkvæmdarliða koma fram undir hverjum lið hér að neðan.**

Stofnun – verkefni.	**Viðhald.**	**Framkvæmdir.**
1. Leikskólinn Leikhólar	1.750.000.-	750.000.-
• Lögð er áhersla á hönnun leikskólalóðar og val á nýjum leiktækjum fyrir árið 2016.		
2. Leikskólinn Leikskálar	1.750.000.-	7.550.000.-
• Lögð er áhersla á hönnun leikskólalóðar og val á nýjum leiktækjum fyrir árið 2016.		
• Lögð er áhersla á hönnun á nýrri leikskóladeild.		
• Lögð er áhersla á framkvæmdir við endurbætur á eldhúsi.		
3. Grunnskólinn Norðurgata 10	1.850.000.-	1.000.000.-
• Lögð er áhersla á kaup á nemendaskápum.		
4. Barnaskólinn á Ólafsfirði	2.450.000.-	2.500.000.-
• Lögð er áhersla á framkvæmdir við dren, háf og neyðarútgang úr tölvustofu.		
5. Tónskólinn Siglufirði	1.550.000.-	
6. Gervigrasvellir	100.000.-	
7. Skíðaskáli Ólafsfirði	250.000.-	
8. Troðaraskemma	100.000.-	
9. Íþróttamiðstöð Ólafsfirði	1.550.000.-	600.000.-
• Lögð er áhersla á hellulagnir.		
10. Sundlaug Siglufirði	2.250.000.-	3.000.000.-
• Lögð er áhersla á aðkomu að austanverðu og klórdamm.		
11. Íþróttahús á Siglufirði	1.300.000.-	
12. Bókasafnið Ólafsfirði	250.000.-	
13. Ráðhús Fjallabyggðar	1.500.000.-	2.600.000.-
• Lögð er áhersla á loftræstingu.		
• Lögð er áhersla á að ljúka við merkingar og uppsetningu á skjólgardínum á 3. hæð.		
14. Tjarnarborg – menningarhús	5.250.000.-	

15. Slökkvistöð Fjallabyggðar 300.000.-
16. Vallarhúsið Ólafsfirði 250.000.-
17. Menntaskólinn á Tröllaskaga 4.000.000.-
18. Kirkjugarður Siglufjarðar 5.000.000.-
    - Lögð er áhersla á landmótun og stígagerð.
19. Gatnakerfi 30.000.000.- 30.000.000.-
    - Lögð er áhersla á að deildarstjóri geri tillögur um framkvæmdir fyrir lokaafgreiðslu í bæjarstjórn.
20. Gangstéttar og plön 12.000.000.- 12.000.000.-
    - Lögð er áhersla á að deildarstjóri geri tillögur um framkvæmdir fyrir lokaafgreiðslu í bæjarstjórn.
21. Stækkun íbúða í Skálahlíð 7.500.000.-
    - Lögð er áhersla á sameiningu tveggja íbúða á árinu 2015.
22. Umhverfisverkefni Siglufirði 10.000.000.-
    - Lögð er áhersla á stígagerð og umhverfisátak á Vesturtanga.
23. Umhverfisverkefni Ólafsfirði 10.0 m.kr.
24. Hafnarframkvæmdir 25.0 m.kr.
25. Vatn og holræsaframkvæmdir 25.0 m.kr.
26. Bifreið f/slökkvilið Fjallabyggðar 7.0 m.kr.

Beinir styrkir til ráðstöfunar á árinu 2015.

- Til menningarmála um 5,9 m.kr.
- Til æskulýðs- og íþróttamála um 2,0 m.kr.
- Til atvinnu- og nýsköpunar um 2,0 m.kr.
- Styrkir á móti fasteignasköttum til félaga og félagasamtaka um 2,5 m.kr.

Til viðbótar eru styrkir er tengjast samningum og má hér nefna m.a. Síldarmynjasafnið ses, Sigurhæðir ses, ÚÍF, Golfklúbb Siglufjarðar, Golfklúbb Ólafsfjarðar, Skíðafélag Siglufjarðar, Skíðafélag Ólafsfjarðar og Björgunarsveitir Fjallabyggðar.

Eftir er hinsvegar að ganga frá samningum við tvo aðila og verða þau mál til skoðunar eftir áramót.

Til viðbótar er sala eigna til skoðunar:

1. Að kannað verði með sölu á húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga til ríkisins.
2. Að kannað verði með sölu á skólahúsnæði við Hlíðarveg á Siglufirði. Búið er að samþykkja að húsið verði selt.
3. Að kannað verði með sölu á íbúðum í eigu bæjarfélagsins. Búið er að samþykkja sölumeðferð á nokkrum eignum.

Ekki er gert ráð fyrir söluhagnaði eigna í áætlun ársins.

Skuldahlutfall – skuldaviðmiðun - samanburður og viðmiðunarmörk

Í reglum Lánasjóðs ísl. sveitarfélaga er framkvæmdastjóra lánasjóðsins veitt heimild til að veita sveitarfélögum lán ef skuldsetning þeirra, að teknu tilliti til lánveitingar, er undir 125%. Rétt er að setja fram stöðu Fjallabyggðar er þetta varðar.

Ár	Heildartekjur	Veltufé frá rekstri	%	Skuldir	Skuldahlutf.
2015	1.999.504	264.336	13,2%	1.739.688	87,0%
2016	1.999.504	261.073	13,1%	1.715.296	85,8%
2017	1.999.504	261.936	13.1%	1.692.385	84,6%
2018	1.999.504	247.616	12,4%	1.675.065	83,8%

- **Staða Fjallabyggðar er traust og styrkist með framsetningu á áætlun fyrir árið 2015 – 2018.**

Framkvæmdarstjóri og lánastjóri hjá Lánasjóði sveitarfélaga ítrekuðu við mig í morgun að ef Fjallabyggð myndi þurfa á lántöku að halda og miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir hjá Lánasjóðnum, sem er ársreikningur síðasta árs, myndi lánsumsókn frá Fjallabyggð fara til afgreiðslu framkvæmdastjóra, enda skuldahlutföll töluvert innan þeirra marka sem sett eru í lögum.

Niðurstaða

Niðurstaðan er í samræmi við gefnar forsendur, ákvarðanir bæjarráðs og tillögur.

Bæjarráð samþykkti því á fundi sínum 11.12.2014 að vísa tillögum ársins 2015 og fyrir árin 2016 – 2018 til síðari umræðu hér í dag.

Tölulegar niðurstöður eru eins og áður hefur komið fram fyrir árið 2015

- Rekstrarniðurstaða verður 71.0 m.kr.
- Framkvæmt verður fyrir um 180.0 m.kr.
- Afborganir langtímalána er um 65.8 m.kr.
- Handbært fé í árslok 2015 verður um 63.7 m.kr.
- Veltufé frá rekstri er 13.2% í hlutfalli við skatttekjur
- Veltufjárhlutfall verður 1.04
- Eiginfjárhlutfall verður 0.54
- Engin lán verða tekin á árunum 2015 – 2018

Ágæta bæjarstjórn

Með átaki hefur tekist að ná fram áætlun fyrir næstu ár. Forsendur voru settar fram í greinargerð, áherslur hafa komið fram í starfsáætlunum frá deildarstjórum og fagnefndum. Bæjarráð hefur yfirfarið og gert breytingar í samræmi við sínar áherslur. Reiknuð niðurstaða við umræður í bæjarráði og í bæjarstjórn liggja nú fyrir. Niðurstaðan liggur fyrir í heild sinni og hefur tekið breytingum eftir umræður og skoðun sem bæjarstjórn tekur nú afstöðu til og afgreiðir hér í dag.

Fjallabyggð er að taka breytingum.

Árið 2015 verður viðburðarríkt ár. Nýtt húsnæði verður tekið í notkun sem mun vafalítið hafa mikil áhrif á komandi árum. Hér er um að ræða hótel Sigló á Siglufirði. Gera má einnig ráð fyrir breytingum á rekstri Genis, en það fyrirtæki er með miklar áætlanir er varðar uppbyggingu á árunum 2016 – 2018.

Í sjávarútvegi, sem er megin undirstaða samfélagsins, er verið að ráðast í endurnýjun á skipakosti Rammans sem eigendur og ekki síður bæjarbúar bera miklar vonir við. Atvinnulífið er því bjart og það er von mín að þær ákvarðanir sem bæjarfélagið hefur tekið er varðar framkvæmdir næsta árs sé til þess fallið að laða nýja íbúa til samfélagsins. Innviðir samfélagsins getur tekið á móti nýjum íbúum en bæjarfélagið verður að ráðast í stækkun leikskóla á Siglufirði um eina deild á næstu árum, verði íbúaþróunin samfélaginu hagstæð.

Ágætu bæjarfulltrúar

Þessi áætlun er fyrsta áætlun núverandi bæjarstjórnar á þessu kjörtímabili. Áætlunartímabilið hefur verið erfitt og liggja fyrir því margar ástæður.

Hægt er að fullyrða að margt hefur áunnist og komist til betri vegar. Sumt hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til en öllum málum hefur verið sinnt eftir bestu getu. Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfið á árinu 2014. Vil hér í lokin lýsa yfir vonbrigðum mínum með bókun frá síðasta fundi bæjarráðs. Þar sem fram kemur m.a. vonbrigði með hvernig staðið hefur verið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Tel því rétt að fjárhagsáætlunarferlið verði tekið til endurskoðunar á árinu 2015. **Með þessum orðum leggur undirritaður bæjarstjóri til við forseta bæjarstjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 – 2018 verði samþykkt.**

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar 15.12.2014.